

Forsætisnefnd 20.7.'18: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um samskiptareglur - R18060222

Lagt er til að forsætisnefnd samþykki samskiptareglur fyrir borgarfulltrúa sem gilda eiga á öllum fundum, í nefndum, ráðum og samstarfshópum sem borgarfulltrúar eiga samstarf í. Reglurnar ná einnig til starfsmanna Ráðhússins. Lagt er til að þessar samskiptareglur verði fylgigagn eða viðhengi siðareglna og undirritaðar samtímis þeim. Samskiptareglunum fylgir viðbragðsáætlun gegn einelti sem eineltisteymi borgarinnar styðst við, berist kvörtun um óæskilega hegðun eða einelti. Ástæðan fyrir mikilvægi þess að hafa skýrar samskiptareglur er sú að á vettvangi borgarstjórnar eru heitar umræður, gagnrýni og mótmæli algeng. Í slíkum kringumstæðum er eftir sem áður gerð sú krafa að borgarfulltrúar sýni kurteisi og virðingu og séu ávallt málefnalegir.

Greinargerð:

Í krafti valds síns ættu borgarstjóri, forseti borgarstjórnar og formaður borgarráðs að vera góð fyrirmynd að hvetja borgarfulltrúa til að viðhafa jákvæða samskiptahætti. Sama ætti að gilda um borgarfulltrúana sjálfa. Allir eiga að sameinast um að láta vita verði vart við óæskilega hegðun eða dónalega framkomu. Mikilvægt er að þeir sem leiða í borginni séu vakandi á fundum og grípi strax inn í sé farið á svig við samskiptareglurnar. Athuga ber þó að stundum er dónaleg framkoma og einelti afar dulið og vart sýnilegt öðrum en þeim sem það beinist að. Sá sem fyrir slíku verður, þarf að upplýsa um það svo hægt sé að stöðva hina óæskilegu framkomu hið fyrsta. Á þessum vinnustað eins og öðrum eiga allir rétt á að líða vel.

Samskiptareglur

Til að skýra nánar hvað meint er með góðum samskiptaháttum eru hér nokkur dæmi um framkomu og hegðun sem ætti hvorki að vera leyfð né liðin í Ráðhúsinu:

Hunsa eða baktala

Sýna persónulega vanvirðingu, vera með dónaskap, hrakyrða eða svívirða annan borgarfulltrúa

Spyrja spurninga sem eru til þess ætlaðar að hæða eða niðra persónu eða aðstæður annars borgarfulltrúa

Vera hrokafullur í framkomu, sýna fyrirlitningu

Gera lítið úr skoðunum, viðhorfum, málflutningi eða verkum

Sýna vanvirðingu eða háð með því að ranghvolfa augum, flissa, gretta sig þegar borgarfulltrúi flytur mál sitt eða talar á fundum

Vera með dylgjur eða aðdróttanir í garð borgarfulltrúa

Ávita eða skamma borgarfulltrúa vegna skoðana eða viðhorfa hans

Nota blótsyrði um eða í garð borgarfulltrúa

Reyna að láta borgarfulltrúa líta illa út með því að gefa eitthvað í skyn sem er líklegt að rýri traust í hans garð eða geri hann tortryggilegan

Gagnrýna með niðrandi hætti samskipti eða samvinnu borgarfulltrúa við aðra borgarfulltrúa eða stjórnmalaflokka

Framkoma á fundum sem ekki ætti að vera leyfð:

Vera með frammiköll/gjamm á meðan borgarfulltrúi er að tala á fundum

Að ganga úr sal sé verið að veita viðkomandi andsvar.

Telji borgarfulltrúi hann verða fyrir einhverju ofangreindu eða öðru ofbeldi ætti hann að eiga þess kost að láta bóka það og óska eftir að það sé rætt sérstaklega. Sé það mat og upplifun borgarfulltrúa að hann sé ítrekað að verða fyrir ofbeldi svo sem einelti eða áreitni er mikilvægt að hann geti lagt fram formlega kvörtun til eineltisteymis borgarinnar sem myndi þá taka málið til athugunar samkvæmt meðfylgjandi viðbragðsáætlun.

Eineltismál eru erfið og í eðli sínu þannig að jafnvel þótt lending af einhverju tagi sé náð ganga báðir aðilar í fæstum tilfellum sáttir frá borði. Fagleg og réttlát vinnubrögð sem fela í sér málsmeðferðarferli byggt á jafnræði og gagnsæi eykur líkur á mildari málalokum.

Viðbragðsáætlun

Upphaf máls

Eineltisteymi sem fær kvörtun um einelti byrjar iðulega á að koma saman, fara yfir kvörtunina með tilkynnanda og gera með honum verkáætlun. Í verkáætlun felst m.a. að ákveða:

- a) Hvernig vinnsluhraða málsins verði háttáð
- b) Við hvern/hverja verður talað og hvenær

Meintur gerandi er því næst boðaður til viðtals og hann upplýstur um efni tilkynningarinnar. Aðrir sem kunna að tengjast málinu, t.d. vitni eru einnig boðaðir í einstaklingsviðtöl. Ræða þarf við alla þá sem talið er nauðsynlegt að ræða við, suma jafnvel oftast en einu sinni til að fá raunhæfa mynd af málinu.

Álitsgerð með rökstuddri niðurstöðu

Þegar rætt hefur verið við alla hlutaðeigandi aðila getur eineltisteymi lagt mat á heildarmynd málsins og komist að niðurstöðu. Aðilar eru upplýstir um niðurstöðuna í sitt hvoru lagi og þeim boðið að bregðast við henni. Aðilar málsins sem og vinnustaðurinn fá eintak af álitsgerðinni. Aðrir sem rætt er við í tengslum við málið fá tækifæri til að kynna sér efni hennar.

Markmið úrvinnslunnar er a.m.k. fjórþætt:

- a) Að upplýsa málið
- b) Stöðva þá hegðun sem kvartað er yfir hafi hún verið til staðar
- c) Vinna að því að koma samskiptum aftur í viðunandi horf
- d) Vinna að því að tryggja að öllum líði vel á staðnum

Faglegt og réttlátt vinnsluferli skiptir sköpum

Mælikvarði á hvar mörkin liggja í samskiptum er ávallt huglægt mat einstaklings. Hvernig svo sem mál kann að líta út í byrjun ætti alltaf að vinna út frá einni grunnhugmyndafræði og hún er að taka allar kvartanir til skoðunar með opnum hug og af hlutleysi og kanna réttmæti þeirra. Muna verður að enginn ákveður upplifun annarra.

Tilkynningin um einelti

Ávallt skal hafa fullt samráð við tilkynnanda á meðan á vinnslu stendur og halda honum upplýstum um gang mála eftir atvikum. Því fylgir ábyrgð að kvarta yfir öðrum og gera það fæstir að gamni sínu. Áður en kemur að formlegri kvörtun er langoftast búið að kvarta fyrst munnlega og reyna jafnvel að leysa málið með mildri íhlutun en sem ekki hefur skilað

tilætluðum árangri.

Skrifleg tilkynning þarf að vera upplýsandi og nákvæm. Í henni kemur fram lýsing á atviki, atburðum, atburðarás, hver/hverjir, hvenær og hvar. Tilkynnandi upplýsir hverja aðra hann óskar eftir að rætt verði við í tengslum við málið. Þegar unnið er í málinu er mikilvægt að missa ekki sjónar af efni tilkynningarinnar. Komi mótkvörtun eða aðrar kvartanir fram í ferlinu getur eigandi þeirrar kvörtunar óskað eftir að efni hennar fari í sambærilegt ferli.

Sanngjarnar leikreglur og jafnræði

Þeir sem rætt er við í tengslum við málið þurfa að fá að vita fyrir fram að framburður þeirra verði sýnilegur aðilum máls. Gagnsæi tryggir frekar að viðmælendur vandi mál sitt og segi rétt og satt frá. Aðilar sem er rætt við fá tækifæri til að lesa yfir það sem hafa á eftir þeim í endanlegri álitsgerð um málið og þeim gefinn kostur á að leiðrétta eða lagfæra framburð sinn, óski þeir þess.

Meintur gerandi á líka rétt

Sá sem kvartað er yfir á rétt á að vita hvert hið meinta brot er. Það er ábyrgð hans að mæta til boðaðs fundar til að ræða um kvörtunina. Honum er boðið að hafa með sér annan aðila til stuðnings og ráðgjafar. Meintur gerandi er gefinn kostur á að bregðast við, andmæla, útskýra mál sitt. Eins og tilkynnanda málsins, býðst honum að nefna aðila sem hann óskar eftir að rætt verði við í tengslum við málið.

Hafi verið um einelti að ræða hefst sá hluti vinnslunnar þar sem lagt er mat á og tekin ákvörðun um áhrif þess og afleiðingar. Máli lýkur ekki fyrir en sá sem tilkynnir staðfestir að sú hegðun sem kvartað er yfir hafi stöðvast. Áfram er fylgst með líðan þolanda og annarra málsaðila og veittur viðeigandi stuðningur.

Báðir aðilar, tilkynnandi og sá sem kvartað er yfir eiga rétt á að sjá málgögn og röksemdafærslu fyrir niðurstöðu málsins. Ef einhverjum gögnum í málinu er haldið leyndum, t.d. hvað aðrir hafa sagt um málið er hætta á að málið lifi áfram í hugum aðila með einum eða öðrum hætti. Mikilvægt er að endurskoða viðbragðsáætlun og verkferla reglulega og endurbæta í samræmi við reynslu af vinnslu þeirra mála sem unnið hefur verið í.